
Skýrsla sveitarstjóra, kynnt
á sveitastjórnarfundi nr.
260. dags: 9.
október 2025





- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 664 íbúar samkvæmt Íbúasýn/Þjóðskrá mv. 2. október sl. og eru því ögn færri en í byrjun september en þá voru skráðir í Íbúasýn/Þjóðskrá 668 íbúar.
- Vinna við fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2026 til 2029 er komin vel af stað og hefur verið sest yfir forsendur með öllum yfirmönnum málalykla og eru þeir nú að fara yfir sinn rekstur. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun verður haldin 13. nóvember.

-
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin 2. og 3. október sl. og vorum við 6 fulltrúar Dalabyggðar á ráðstefnunni sem var vel heppnuð og góð erindi og kynningar fluttar. Það er dýrmætt að ná samveru og samtali við kollega sem eru að fást við sömu verkefni og við frá degi til dags.
 - Í tengslum við fjármálaráðstefnu þá notuðum við fulltrúar Dalabyggðar og Húnaþings vestra tækifærið og funduðum með innviðaráðherra og þingmönnum kjördæmisins til að kynna þeim okkar áherslur varðandi mögulega aðkomu og stuðning ríkisvaldsins vegna viðræðna um sameiningu.



- Kjördæmavika alþingismanna var í síðustu viku og hittum við fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi hópinn á fundi á Akranesi og áttum við þar gott samtal um það sem brennur á okkur, m.a. áherslur þær sem við viljum sjá í uppfærðri Samgönguáætlun sem leggja á fram á alþingi seinna í haust.
- Þann 12. september sl. skiluðum við inn ítarlegri umsögn Dalabyggðar um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðs vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða. Við fengum frest til að skila umsögn okkar inn og var það vel því vel þurfti að rýna fram kominn gögn. Umsögn Dalabyggðar var lögð fram til kynningar hér fyrir á fundinum sem og á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar fyrir í vikunni.



- Við starfsmenn í stjórnsýsluhúsinu sem áttum heimangengt brugðum okkur í heimsókn á Hvammstanga föstudaginn 19. september sl. og fengum kynningu á starfsemi skrifstofunnar hjá Húnaþingi vestra, fórum í heimsókn í grunnskólann sem og í íþróttamannvirkin. Það er alltaf gagnlegt að fá að sjá og heyra af því hvernig önnur sveitarfélög eru að gera hlutina.
- Við fulltrúar Dalabyggðar áttum fund með framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands um mögulegt samstarf okkar á milli í verkefninu Gott að eldast og fórum í leiðinni í heimsókn á Silfurtún sem gæti orðið hjarta samstarfsins ef af verður. Við erum nú komin með allra fyrstu drög að samstarfssamningi og erum við með það skjal til skoðunar og munum við fara með það fyrir fund byggðarráðs seinna í þessum mánuði.





- Ég vil hér nota tækifærið og votta öllum aðstandendum og vinum Svölu Svavarsdóttur samúð mína en hún lést þann 22. september sl. Fráfall hennar snertir marga hér í Dölum og vil ég þakka öllum þeim sem stigu upp og aðstoðuðu t.a.m. við starfið í skólanum okkar. Þau Guðmundur Kári Þorgrímsson, sem nú gengir starfi skólastjóra tímabundið og Svanhvít Lilja Viðarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri hafa tekið á sig stærri hlutverk í nánú samstarfi við undirritaðan og vil ég þakka þeim fyrir þeirra myndugleik í þeim aðstæðum sem uppi eru.
- Talandi um skólann okkar þá vil ég segja frá því að þriðjudaginn 30. september var haldið stutt kveðjuhóf í Auðarskóla að lokinni kennslu til heiðurs Bergþóru Jónsdóttur en þennan dag lauk Bergþóra störfum eftir 37 ára gæfuríkan starfsferil í skólanum okkar. Bergþóra hefur sinnt óeigingjörnu starfi m.a. við kennslu og sérkennslu hjá Auðarskóla. Þá á hún stóran þátt í því að upp er kominn Skólaskógur en hún hefur staðið fyrir gróðursetningu og viðhaldi hans. Bergþóra hefur þannig í nærri fjóra áratugi miðlað þekkingu sinni til nemenda og mun starf hennar lifa áfram í gegnum þau verkefni sem hún hefur komið að og komið til leiðar. Við nýtum tækifærið hér og þökkum Bergþóru fyrir hennar störf með óskum um ánægjulega tíma.



- Ísak Sigfússon nýr lýðheilsufulltrúi hóf störf þann 1. október og þann 3. október vann forveri hans Guðný Erna sinn síðasta dag. Um leið og ég þakka Guðnýju fyrir sín störf og góða nærveru þá vil ég bjóða Ísak velkomin til okkar í spennandi verkefni sem m.a. innifelur það að koma starfsemi íþróttamannvirkja á fullt skrið í upphafi árs 2026.
- Starfamessa 2025 er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands 2025 og nú hafa tvær af þremur verði haldnar hér á Vesturlandi, nánar t.t. á Akranesi og í Grundarfirði og var afar góð mæting á þær báðar. Sú þriðja verður haldin í Borgarnesi, þar sem við fulltrúar Dalabyggðar munum taka þátt, þann 14. október n.k. Markmið Starfamessunnar er að gefa gestum innsýn í fjölbreytt störf og starfsleiðir sem finna má innan fyrirtækja og stofnana á svæðinu – með það að leiðarljósi að kveikja áhuga og varpa ljósi á möguleika framtíðarinnar. Þeir hópar sem Starfamessur eru helst hugsaðar fyrir eru nemendur úr 9. og 10. bekk í grunnskólum á Vesturlandi, nemendur í framhaldsskólum og aðrir áhugasamir íbúar landshlutans.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Vesturlands fyrir úthlutun ársins 2026. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja annars vegar menningarverkefni og hinsvegar atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í [Sóknaráætlun Vesturlands](#).

Að þessu sinni er kallað eftir umsóknum um styrki til atvinnuþróunar og nýsköpunar, menningarverkefna og stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála (aðeins fyrir lögaðila) Umsóknarfrestur er 28. október 2025 klukkan 12:00. Athugið að frestur rennur út á hádegis en ekki miðnætti eins og undanfarið.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTURLANDS

KALLAR EFTIR UMSÓKNUM VEGNA ÚTHLUTUNAR 2026

MENNINGARSTYRKIR

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR
MENNINGARVERKEFNA

ATVINNU- OG
NÝSKÖPUNARSTYRKIR

UMSÓKNARFRESTUR ER
28. OKTÓBER 2025 KLUKKAN 12:00

KYNNIÐ YKKUR REGLUR OG VIÐMIÐ UPPBYGGINGARSJÓÐS,
SÓKNARÁÆTLUNAR OG MENNINGARSTEFNU VESTURLANDS

RÁÐGJAFAR SSV ERU TIL SAMRÁÐS OG RÁÐGJAFAR
BÓKIÐ FUND OG TÖKUM SAMTALIÐ

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR
RÁÐGJAFAR Á SSV.IS



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI



- Framkvæmdir ganga vel við íþróttamannvirkin okkar og hefur samstarf við verktaka og eftirlitsaðila verið með ágætum. Búið er að fara yfir og staðfesta nokkur viðbótarverk og ber þar hæst val á hreinsikerfi sundlaugakerfis, kaup á sauna húsi og uppsetningu geymsluhúsnæðis sem mun nýtast bæði sundlaugarsvæði og skólalóð – einnig er í farvatninu að malbika bílaplan framan við mannvirkið sem mun einnig nýtast Dalabúð og leikskólanum okkar. Farið er að huga að ýmsum þáttum varðandi daglegan rekstur mannvirkisins og mun þau mál skýrast enn betur þegar nær opnun mannvirkisins kemur.



- Sveitarstjórnarmenn og forsvarsmenn stofnana og félaga á Vesturlandi undirrituðu 1. október sl. á Akranesi samning um stofnun Farsældarráðs Vesturlands. Ráðið er hugsað sem svæðisbundinn samráðsvettvangur þjónustuveitenda sem bera ábyrgð á þjónustu við börn og fjölskyldur í landshlutanum. Markið samstarfsins er að efla og samræma þjónustu við börn og fjölskyldur á Vesturlandi með samþættri, snemmtækri og heildstæðri nálgun. Jafnframt er stefnt að því að Farsældarráð Vesturlands vinni að því að styrkja þverfaglegt samstarf og tryggja að farsæld barna sé leiðarljós í stefnumótun og framkvæmd þjónustu á Vesturlandi.

- Í október fer fram barnamenningarhátíðin BARNÓ – BEST MEST VEST sem breiðir út gleði og hressleika um allt Vesturland. Hátíðin er tileinkuð börnum og ungmennum á svæðinu og hefur það að markmiði að efla sköpunarkraft, gleði og þátttöku í fjölbreyttu menningarlífi landshlutans. Í boði verða viðburðir um allt Vesturland og er Dalabyggð enginn eftirbátur þar, sjá slóð á dagskrá hér í Dölum hér:
- <https://dalir.is/frettir/barno-barnamenningarhatid-vesturlands-oktober-2025/>
- Einnig vil ég veja athygli á skemmtilegri frétt um fyrsta viðburðinn hér í Dölum á vef Skessuhornsins í gær, sjá hér slóð: <https://skessuhorn.is/2025/10/08/barno-byrjad-i-dolunum>
- Ég vil þakka öllum sem koma að undirbúningi og framkvæmd allra þeirra viðburða sem hér um ræðir.





OPIÐ HÚS
Hrymur - tilraunarræktun á lerklafrígíði í Búðardal
Fimmtudaginn 27. mars kl. 17.00-18.00
Vesturbratt 6, Búðardal, (Gangú inn norðanmegin)

Atvinna og nýsköpun

áspunaverksmiðja tekin í notkun



BIFRÖST UNIVERSITY
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Rannsóknasetur í bygginga- og sveitarstjórnarmálum

Dalirnir dafna! Frá andstreymi yfir í meðbyr
Íbúafundur DalaAuðs 8. október 2025,
Dalabúð, Búðardal

Víðir Karlsson
Prófessor og forstöðumaður rannsóknaseturs í bygginga- og sveitarstjórnarmálum við Háskólinn á Bifröst, í samráði við Háskólinn á Akureyri, Farnsá og ráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga er á ferð um landið til að heimsækja sveitarfélög þessar vikunnar. Þau stoppuðu hjá okkur í gær og áttum við starfsmenn og kjörnir fulltrúar gott samtal um þau verkefni sem við sveitarfélagastiginu blasir og þau verkefni sem við í Dalabyggð erum að fást við. Þetta er gott framtak og fullt tilefni til þess að hvetja Sambandið og starfsmenn þess til að gera svona heimsóknir að reglulegum viðburði.

Íbúafundur var haldinn í gær, miðvikudaginn 8. október í Dalabúð til að fara yfir og ræða verkefnisáætlun DalaAuðs. Fundurinn hófst á erindum og kynningum og lauk á vinnustofu fundargesta. Þar var stefna DalaAuðs og aðgerðir teknar til skoðunar og nýjar hugmyndir mótaðar fyrir næsta ár. Hér má skoða verkefnisáætlun DalaAuðs, sem var lögð til skoðunar í vinnustofunni: https://dalir.is/wp-content/uploads/2025/10/Verkefnisaaetlun-2025_DROG-fyrir-ibuafund.pdf Þetta árlega samtal okkar skiptir máli því íbúarnir og samfélagið allt er í raun hinn eiginlegi DalaAuður og eins og fram kom á fundinum í gær þá hefur þetta verkefni allt skipt okkur í Dalabyggð verulega miklu máli með jákvæðum formerkjum.



DALABYGGÐ



HÚNAÞING VESTRA

- Eins og kunnugt er hafa Dalabyggð og Húnaþing vestra undanfarin misseri átt í viðræðum um sameiningu. Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna vinnur að álitum um tillögu um sameiningu sem íbúar kjósa um 28. nóvember – 13. desember nk.
- Samstarfsnefndin hefur nú boðað til tveggja íbúafunda í næstu viku, sá fyrri í þessari umferð verður í Dalabúð þann 14. október kl. 17:00 og sá seinni í þessari umferð verður haldinn í Félagsheimilinu á Hvammstanga þann 15. október kl. 17:00. Á fundunum verður farið yfir stöðu sameiningarviðræðna sveitarfélaganna og leitað eftir sjónarmiðum íbúa varðandi stjórnskipulag og þjónustu sameinaðs sveitarfélags. Kynningunni verður deilt á netinu og verður slóð á fundinn birt á heimasíðum sveitarfélaganna á fundardag. Ég vil eindregið hvetja íbúa til að mæta á fundina og láta sig málefnið varða. Fundir verða einnig haldnir upp úr miðjum nóvember og verða þeir kynntir vel í aðdraganda þeirra og einnig er rétt að minna á heimsíðu verkefnisins, www.dalhun.is



Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- BBÞ – 9/10/2025